Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1059
komudagur 23.2.2004

# BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN ÍSLANDS

## UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM AÐGANG ALLRA LANDSMANNA AÐ GSM-FARSÍMAKERFINU (ÞSKJ. 28 – 28. MÁL)

Margt bendir til þess að aðgangur að góðri grunngerð sé afar mikilvægur þáttur í búsetuskilyrðum fólks, hvar á landi sem er. Að jafna aðstöðu landsmanna að GSM-farsímakerfinu, eftir því sem kostur er, er þýðingarmikill þáttur í því sambandi.

*Byggðarannsóknastofnun tekur undir meginhugmynd tillögunnar, en setur jafnframt spurningamerki við hversu raunhæft markmið það sé að koma á GSM-sambandi fyrir alla landsmenn,allsstaðar. Stofnunin telur á hinn bóginn að forgangsverkefni í þessu sambandi ætti að vera að stuðla að auknu öryggi vegfarenda á fjallvegum og fáförnum vegum í þjóðvegakerfi landsins. Færa má fyrir því rök að slíkar betrumbætur myndu auka öryggi og öryggistilfinningu vegfarenda og þannig stuðla að auknu flæði fólks milli svæða. Við ýmsar aðstæður geta slíkar samgöngubætur eflt byggð í landinu.*

*Byggðarannsóknastofnun telur að mikilvægt sé að haga uppbyggingu GSM-farsímakerfisins með markvissum hætti, þannig að tryggt sé að uppbygging sem ráðist er í hverju sinni hafi raunveruleg áhrif til hins betra. Slíkt verður best tryggt með því að góðar upplýsingar liggi ákvarðanatöku til grundvallar hverju sinni.*

Höfundar umsagnar

Dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Byggðarannsóknastofnunar
Hjalti Jóhannesson landfræðingur
Kjartan Ólafsson félagsfræðingur